




Reynir Guðmundsson

Fæddur 13. júlí 1951

Dáinn 1. mars 2022



Útför frá Hafnarkirkju laugardaginn 12. mars 2022

Jarðsett í Hafnarkirkjugarði



FORSPIL

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

23 Davíðssálmur - Margrét Scheeving



SIGNING OG BÆN

Hugsa ég í hríð og vetri hér mun koma vor.
Gott er hér að una' og eiga ævi minnar spor.

Þó að fast mig lífið ljósti litlu skiptir það,
fyrst ég á í eigin brjósti einhvern samastað.

Vökum ein á vornótt saman vinurinn minn kær. Morgunsól á fjöll og firði
fögnum geisla slær.

Liggur gull í götu okkar
góð er þessi jörð.
Verður þá í vöku' og draumi vor um Hornafjörð.

Lag: Heiðar Sigurðsson / Ljóð: Kristín Jónsdóttir

RITNINGARLESTUR

Sólin brennir nóttina,
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag.

Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli
og söngur, ef allt er hljótt.

Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið
og guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin
og guð til að styrkja mig.
Eg fann ei, hvað lífið var fagurt,
fyrir en ég elskaði þig.

Eg fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði eg að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyrir en með sjálfum mér.

Ást mín fær aldrei fölnað,
því eilíft líf mér hún gaf.
Aldirnar hrynja sem öldur
um endalaust tímans haf.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífðin, guð — og við.

Ljóð: Sigurður Nordal / Lag: Magnús Þór Sigmundsson




GUÐSPJALL



EINSÖNGUR

Góða nótt

Lag: J.S. Bach / Norma Tanega, Páll Óskar Hjálmtýsson



MINNINGARORÐ



EINSÖNGUR

Með þér

Bubbi Morthens

BÆN OG FAÐIR VOR

Heyr mína bæn
mildasti blær,
berðu kveðju mína yfir höf,
syngdu honum saknaðarljóð.

Vanga hans blítt,
vermir þú sól
vörum mjúkum kysstu hans brá,
ástarorð, hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar
ykkar fegursta ljóðaval,
flytjið honum í indælum óði
ástaljóð mitt.

Heyr mína bæn,
bára við strönd,
blítt þú vagma honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.

Draumheimi í
dveljum við þá.
daga langa, saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrá.

Lag: Mario Panzeri / Texti: Ólafur Gaukur





MOLDUN

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.

Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.

Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.

Og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni
svo vaknar hann með sól að morgni.



Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

BLESSUN

EFTIRSPIL
You'll never walk alone



*Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og hlýhug
og bjóða gestum að þiggja veitingar á Pakkhúsinu að athöfn lokinni.*

Prestur: sr. María Rut Baldursdóttir
Undirleikur: Heiðar Sigurðsson
Kór: Kvennakór Hornafjarðar
Einsöngur: Þórdís Sævarsdóttir
Umsjón: Albert Eymundsson